

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisstjórn herra þann 23. janúar 2001 staðfest aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Hornafjarðar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Hornafjarðar 1978-1998 er staðfest var 4. ágúst 1983.

Umhverfisstjórnuneytinu, 23. janúar 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Sólvallagötureitur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 1. febrúar 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Í breytingunni felst að athafnasvæði á hluta staðgreinireits 1.133,4 er afmarkast af Sólvallagötu, Ánanaustum, Holtsgötu og Framnesvegi er breytt í íbúðasvæði þannig að allur reiturinn er ætlaður til íbúðabygðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 1. febrúar 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.